


Styrkir til atvinnuleikhópa

Menntamálaráðuneytið hefur að tillögu Leiklistarráðs úthlutað [styrkjum til atvinnuleikhópa árið 2004](#). Til úthlutunar í ár voru samtals 40 milljónir króna og er það fimm milljónum krónum hærra upphæð en í fyrra. Alls bárust umsóknir frá 79 aðilum til 105 verkefna, þar af sjö umsóknir um starfsstyrki eða til leikstarfsemi. Umsóknunum hefur fjölgað nokkuð á milli ára því í fyrra bárust umsóknir frá 47 aðilum til 70 verkefna, en þá var úthlutað 35 milljónum króna, og árið 2002 bárust umsóknir frá 39 aðilum til 58 verkefna, en þá var úthlutað rúmum 36,5 milljónum króna.

Í ár fengu [Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður](#) og [Háðvör](#) 11.230.000 kr. vegna starfssamnings. Leikhópurinn [Á senunni](#) 4.000.000 kr. til leikstarfsemi. [Möguleikhúsið](#) 4.000.000 kr. til leikstarfsemi. [Vesturport](#) 4.000.000 kr. til leikstarfsemi. Himnaríki ehf. 3.300.000 kr. til uppsetningar á Er einhver heima. Loftkastalinn 3.000.000 kr. til uppsetningar á Grímsævintýri.



Myndin sýnir fjölgun umsókna milli ára. Lægri súlan sýnir umsóknaðila og hærra súlan sýnir fjölda verkefna

Annað svið 3.000.000 kr. vegna uppsetningar á Úlfhamssögu. Sokkabandið 2.900.000 kr. vegna Elskulegur faðir okkar. Pars Pro Toto 2.300.000 kr. vegna uppsetningar á Von. [Sögusvuntan](#) ehf. 1.270.000 kr. vegna

uppsetningar á Egla í nýjum spegli. Stoppleikhópurinn 1.000.000 kr. vegna uppsetningar á Sámur og Keli.

Stjórn starfslauna listamanna hefur að tillögu Leiklistarráðs ákveðið að veita eftirtöldum leikhópum starfslauu úr Listasjóði sem hér segir: Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður og Háðvör tólf mánuðir. [Núttímadanshátíð í Reykjavík](#) tólf mánuðir. Himnaríki ehf. ellefu mánuðir. Vesturport tíu mánuðir. Sokkabandið tíu mánuðir. Loftkastalinn átta mánuðir. Annað svið sjö mánuðir. [Leikhúskórinn](#), Leikfélag Akureyrar sex mánuðir. [Hið Lifandi leikhús](#) sex mánuðir. [Möguleikhúsið](#) sex mánuðir. [Thalamus](#), leikfélag sex mánuðir. Stoppleikhópurinn fjórir mánuðir. Warera tveir mánuðir. Í Leiklistaráði sitja Björn G. Björnsson, formaður, Hjálmar Hjálmarsson og Þórdís Arnjóltsdóttir.

UT2004 – UT-vinnur með þér

Ráðstefnan [UT2004 – UT – vinnur með þér](#) verður haldin í sjötta skipti á vegum menntamálaráðuneytis dagana 5. og 6. mars nk. í [Fjölbrotaskólanum í Garðabæ](#). Tveir aðalfyrirlesarar verða á UT2004, Dr. [Curtis J. Bonk](#) frá Bandaríkjunum og [David Wood](#) frá Bretlandi. Á UT2004 verður lögð áhersla á mannlega þáttinn í upplýsingatækni í skólastarfi með tilliti til kennslufræði, siðferðis, námsumhverfis, virkni nemenda og notkun upplýsingatækni í verklegri kennslu. Yfir 70 fjölbreyttir [fyrirlestrar](#) verða í boði, þ.á.m. verða 9 erlendir fyrirlesarar með erindi en þeir hafa aldrei verið fleiri.

Ráðstefnan hefst föstudaginn 5. mars kl. 13:00 með ávarpi menntamálaráðherra. Þar á eftir flytur Dr. Curtis J. Bonk frá Háskólanum í Indiana fyrri fyrirlestur sinn en Dr. Bonk þykir einkar áhugaverður fyrirlesari þar sem hann leggur sig fram um að koma boðskap sínum á framfæri með líflegri framkomu. Á eftir fylgja fjölbreyttir fyrirlestrar frá bæði innlendum og erlendum fyrirlesurum. Dagskránni lýkur kl. 17:00.

Laugardaginn 6. mars hefst dagskráin kl. 09:15 og stendur til kl. 15:00. David Wood, próffessor í sálfræði frá Háskólanum í Nottingham á Englandi, verður með fyrirlestur sem nefnist „Futures for ICT in Schools: A European Perspective“. Í fyrirlestri sínum fjallar hann um framtíð upplýsingatækni í skólum, með áherslu á hlutverk kennara og þess umhverfis þar sem nám fer fram. Meðal annarra erlendra fyrirlesara á laugardaginn eru Dr. Curtis J. Bonk og Hans Johan Tøfting frá Avicom í Noregi sem er með einkar áhugavert erindi um höfundarétt kennara á efni á neti. Auk þeirra flytja um 50 innlendir fyrirlesarar fjölbreytt erindi.

Formlegri dagskrá lýkur svo með lokahófi. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á www.menntagatt.is/ut2004



Stuðningur við útlendinga til íslenskukennslu

Undanfarin ár hefur menntamálaráðuneytið styrkt íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk af erlendum uppruna hér á landi. Á fjárlögum ársins 2003 var varið 16,3 milljónum króna til íslenskukennslunnar og var þeim fjármunum dreift til kennslu um 2.450 þátttakenda. Alls hefur um 80 mkr. verið varið til þessarar kennslu undanfarin 4 ár.

Námskeiðin fara fram víðs vegar um landið og og berast ráðuneytinu umsóknir um styrk frá bæði fræðsluáðilum sem sjá um kennsluna og fyrirtækjum sem eru með sér námskeið fyrir erlenda starfsmenn sína. Árið 2003 bárust ráðuneytinu styrkumsóknir til íslenskukennslu fyrir útlendinga frá tæplega 20 kennsluáðilum eða fyrirtækjum vegna kennslu um 2.450 nemenda. Flest námskeiðin sem sótt var um styrk til eru um 50 stunda löng og kosta þátttakendur á bilinu 30-35 þúsund krónur. Auk áðurgreinds styrks er nokkuð algengt að þátttakendur séu styrktir af vinnuveitenda eða stéttarfélagi til þátttöku á námskeiðunum og að námskeiðin fari fram í vinnutíma.


Hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði á uppleið

Í samanburðartölum, sem birtar voru á fundi vísindaráðherra [OECD](#), kemur fram að á Íslandi er hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaðnum árið 2002 tæplega 24% og töluvert undir meðaltali OECD (28.4%) og nokkuð undir hlutfalli ESB ríkja (24.4%). Hæst er hlutfallið í Kanada (42,6%), Japan (32,9%), Bandaríkjunum (37,9%) og Finnlandi (34,8%). Í sama upplýsingariti kemur fram að vöxtur háskólamenntaðs vinnuafis er mestur á Spáni um 9% og Íslandi um 6% á ári en er nálægt 3,5% ári bæði innan OECD og innan ESB.

Heildarfjöldi skráðra á háskólastigi heima og erlendis hefur samkvæmt tölum [Hagstofunnar](#) fjölgað úr 7.595 árið 1992 í 15.750 árið 2002

eða líðlega tvöfaldast. Fjöldi þeirra sem stunda nám erlendis hefur nokkurn veginn staðið í stað, nálægt 1.900 á ári. Hlutfallslega hefur nemendum erlendis því fækkað úr um 25% í um 12% af heild.

Þróun heildarfjölda nemenda á sérskóla- og háskólastigi heima og erlendis 1977 til 2002 (Úppl. Hagstofa Íslands)



Á þessum 10 árum hefur mesta fjölgunin orðið á sviði náttúrufræði og stærðfræði úr 529 í 1.782 eða 237% og verkfræði og tæknigreinum úr 664 nemendum í 1.686 eða 154 %. Ef lítið er til síðustu fimm ára er fjölgunin mest á sviði kennaramenntunar og viðskiptamenntunar en dregið hefur úr fjölgun á sviði náttúrufræði og stærðfræði svo og verk- og tæknimenntunar. Ef lítið er til brautskráninga er hlutfall þeirra sem ljúka prófi í raunvísindum og verkfræði hér á landi lágt miðað við önnur OECD lönd eins og sést á meðfylgjandi mynd:

Nemendur á sérskóla- og háskólastigi heima og erlendis eftir námsbrautum 1977–2002 (Úppl. Hagstofa Íslands)

